



Lækningalind Bláa lónsins er í afar sérstökum umhverfi Sundhnjúkahrauns við Svartsengi. Byggingin rís upp úr úfni mosavöxnu hrauninu sem fær að standa óareitt allt umhverfis lágreista en svipsterka bygginguna. Með öguðu efnisvall og formi hússins eru dregin fram skörp skil á milli géometriskra forma byggingarinnar og liffrænna forma nátturunnar sem vekja sterkt hughrit. Sérkennilegt andrúmsloftið endurspeglast í óvæntum samsetningum og frágangi þar sem gleri og dökk hraunklæðingu er teftit gegn hlýlegum viði. Óll smáatriði eru leyst á vandaðan hatt sem fellur að yfirbragði heildarinnar.

The Blue Lagoon clinic is located in Sandhnjúkahraun at Svartsengi. The spa, which uses mineral-rich hot water pumped from underground, stands in a rugged mossy lava field, which is left untouched all around the low but impressive structure.

Disciplined choice of building materials and the form of the building establish a clear boundary between the geometric forms of the structure and the organic natural forms, which is most effective. The surreal atmosphere is reflected in unexpected juxtapositions, and a finish which contrasts glass and black lava wall finish with the warmth of wood. All details are resolved with care, in manner which harmonises with v the whole.

Íslensku
Byggingarlistar-
verðlaunin 2007



Lækningalind,
Bláa lóninu

VA Arkitektar

Forsíðumynd Cover photo

Rafn Sig.-

Í kalla Lækningalindar er Rafn Sigurbjörnsson ranglega nefndur Rafn Sigurðson.



Íslensku byggingarlistar-
verðlaunin 2007
The Icelandic
Architecture Award 2007

Listasafn Reykjavíkur
Reykjavík Art Museum
Kjarvalsstaðir
20. október –
4. nóvember 2007

Verkefnisstjórn Íslensku
byggingarlistarverð-
launanna:
Project board:
Sigriður Magnúsdóttir,
arkitekt FAI
Sólveig Berg
Björnsdóttir, arkitekt FAI
Harpa Þorláksdóttir,
markaðs- og sölusjóri
Pyrpingar

Framkvæmdastjóri
verkefnisins:
Project manager:
Haraldur Helgason,
arkitekt FAI

Valnefnd:
Selection committee:
Guja Dögg Hauksdóttir,
arkitekt FAI
Hrefna Björg
Þorsteinsdóttir,
arkitekt FAI
Jes Einar Þorsteinsson,
arkitekt FAI

Dómnefnd:
Jury:
Guja Dögg Hauksdóttir,
arkitekt FAI
Ólafur Sigurðsson,
arkitekt FAI
Esa Laksonen,
arkitekt SAFA

Þakkir:
Thanks:

Listasafn Reykjavíkur
Reykjavík Art Museum



Bakhjal:
Sponsor:
Pyrping hf., þróunarfélag
á svíði skipulagsmála og
mannvirkjagerða



PYRPING

Íslensku
Byggingarlistar-
verðlaunin 2007



Sýningarbók íslensku
byggingsarlistarverð-
launanna 2007
Icelandic Architecture
Award catalogue 2007

Ritstjóri:
Editor:
Haraldur Helgason,
arkitekt FAI

Útgefandi:
Publisher:
Arkitektafélag Íslands.

Grafisk hönnun:
Graphic design:
Vinnustofa Atla
Hilmarssonar

Ensk þýðing:
English translation:
Anna Yates

Profarkalestur:
Proofreading:
Aðalsteinn Davíðsson

Prentun:
Printed by:
Prentmet

Leturgerð:
Type:
Taz III, Lucas de Groot

Pappír:
Paper:
Magno Satin,
California one sided

ISBN
978-9979-9837-0-5

ISSN
1670-7621

©
Arkitektafélag Íslands
2007

Bók þessa má ekki afrita
með neinum haetti, svo
sem ljósmyndun,
prentun, tiljóðritun, eða
á annan sambærilegan
hátt, óð hluta eða í
heild, án skriflegs leyfis
útgefanda.

All rights are reserved.
No part of this book may
be reproduced in any
form or by any means
without written
permission from the
publisher.

Ávarp forsætisráðherra Address by the Prime Minister	8–9
Íslensku byggingarlistarverðlaunin veitt í fyrsta sinn The First Icelandic Architecture Award	10–11
Íslensk samtíma byggingarlist Contemporary Icelandic Architecture	12–19
Aðalstræti 10, Reykjavík Aðalstræti 10, Reykjavík	22–29
Birkimörk, Hveragerði Birkimörk, Hveragerði	30–37
Gjörningaklúbburinn Icelandic Love Corporation	38–45
Göngubrýr yfir Hringbraut Pedestrian bridges over Hringbraut highway	46–53
Háskólinn á Akureyri University of Akureyri	54–61
Hof, Höfðaströnd Hof, Höfðaströnd	62–69
Íbúðir við Frakkastíg Apartments on Frakkastigur	70–77
Iþróttakademían The Sport Academy	78–85
Lækningalind, Bláa lóninu The Blue Lagoon Clinic	86–93
Safnasafnið, Svalbarðseyri Icelandic Folk Art Museum, Svalbarðseyri	94–101
Greinagerð valnefndar Notes from the selection committee	102–103
Lokaorð In Conclusion	104–105

Ávarp forsætisráðherra

Address by the Prime Minister

Geir H. Haarde

Vaxandi velmegun þjóðarinnar, bætt menntun og aukin þekking hafa breytt miklu til batnaðar í byggingarlist hér á landi á síðustu áratugum. Var þó margt afar vel gert á fyrrtið við erfiðar og oft frumstæðar aðstæður. Byggingarefni og vinnuaðferðir hafa batnað og orðið fjölbreyttari, ólikar tegundir bygginga bjóða upp á ólikar útfærslur og kosti, og skipulagsvinnu fleygir fram. Siðast en ekki síst eignum við nú fjölda velmenntaðra arkitekta sem hafa sótt sér þekkingu í bestu skóla á sínu svíði um allan heim. Verk þeirra hér á landi endurspeglar þegar best lætur bæði hugmyndaauðgi vandaðra listamanna og þá virðingu fyrir viðfangsefninu og umhverfi þess, sem eru hornsteinar vel heppnaðs mannvirkis.

Það er skylda okkar sem þjóðar við upphaf 21. aldarinnar að hlúa að góðri byggingarlist og reisa mannvirki sem þjóna hlutverki sínu með sóma, eru vel gerð og hafa listræn gildi að leiðarljósi. Íslensk stjórnvöld kynntu fyrr á þessu ári í fyrra sinn menningarstefnu í mannvirkjagerð, sem er ætlað að verða leiðarsteinn fyrir þá uppyggingu, sem þjóðin mun standa fyrir á komandi árum. Mannvirki sem rísa á grunni þekkingar, virðingar fyrir sögu og umhverfi, viðsýni og framsækni, eru verðmæti sem þjóðin getur búið að um langan aldur.

Íslenskir arkitektar eru í lykilhlutverki við að koma slikri stefnumótun í framkvæmd, og er fátt betur til þess fallið að hvetja alla til dáða á þessu svíði sem öðrum en að verðlauna sérstaklega það sem vel er gert. Það er fagnaðarefni að ákveðið hefur verið að veita sérstök íslensk byggingarlistarverðlaun í fyrra sinn á þessu ári, og annað hvert ár framvegis. Ég er þess fullviss að þessi verðlaun verða íslenskri byggingarlist mikil lyftistöng, og munu eiga sinn þátt í að efla íslenska arkitekta til enn frekari afreka í framtíðinni.

Growing national prosperity, more education and greater knowledge have led to a great improvement in the field of architecture here in Iceland in recent decades. Much was, however, done very well prior to that, in difficult and often primitive circumstances. The quality and diversity of building materials and methods have increased, different types of structure provide for variable forms and options, and planning work is progressing fast. Last but not least, we now have many well-qualified architects, who have attended the world's best colleges in the field for their training. Their work here in Iceland reflects, at its best, the rich imagination of outstanding artists, and the respect for the project and its surroundings that is the cornerstone of a successful building.

It is our duty as a nation at the beginning of the 21st century to nurture good architecture, and to build structures which perform their function creditably, are well made, and are guided by artistic vision. Earlier this year the Icelandic government presented for the first time a cultural policy on construction, which is intended to provide guidance for the development that will be taking place in Iceland in the coming years. Structures built on a foundation of knowledge, respect for history and the environment, broad-mindedness and progressiveness, are objects of value which will stand the nation in good stead for a long time.

Icelandic architects are in a key position in the implementation of such policy; and there can be few better ways of urging people on to achievement in this field, as in others, than to award prizes for that which is well done. It is gratifying that a decision has been made to present an Icelandic Architecture Award this year for the first time, and every other year in the future. I am quite sure that this award will prove an incentive in Icelandic architecture, and will play its part in urging on Icelandic architects to yet greater achievements in the future.

Íslensku byggingarlistarverðlaunin
veitt í fyrsta sinn
Albína Thordarson
formaður Arkitektafélags Íslands

Glaesileg stórvirki verða til, hvort sem þau eru andleg eða efnisleg, þegar einstaklingur hefur til þess metnað að vinna vel og skara framúr. Snilldargáfa er góð, en hún dugar skammt ef ekki er unnið úr henni af kostgæfni og kunnáttu.

Í mörg ár hefur það verið stefnumál Arkitektafélags Íslands að stofna Íslensku byggingarlistarverðlaunin, til að vekja athygli á því sem vel er gert í byggingarlist og því sem henni tengist og ýta undir metnað í byggingarlist. Nú er þessu langbráða takmarki náð.

Þyrping, sem er þróunarfélag á svíði skipulagsmála og mannvirkjagerðar, hefur ákveðið að ganga til liðs við Arkitektafélagið og verða bakhjalr verðlaunanna. Þyrping sýnir með þessu mikinn metnað og framsýni og það metur Arkitektafélag Íslands mikils. Arkitektafélagið og Þyrping veita Íslensku byggingarlistarverðlaunin annað hvert ár, í þeiri vissu að það auðgi enn hið frjóa menningarlíf í landinu.

Allar tegundir mannvirkja og skipulags koma til greina við veitingu Íslensku byggingarlistarverðlaunanna, opinberar byggingar, einbýlishús, stofnanir og hverskyns önnur mannvirkji. Einnig geta verkefni nátengd byggingarlist og skipulagi komið til greina, svo sem ritverk og innsetningar. Öllum er frjálst að leggja fram tilnefningar til verðlaunanna. Í þetta sinn bárust rúmlega fimmtíu tilnefningar frá ymsum aðilum, sveitarstjórnum, bærstjórnum, opinberum aðilum, einstaklingum og teiknistofunum sjálfum.

Með yfirstjórn Íslensku byggingarlistarverðlaunanna fer verkefnistjórn sem skipuð er tveimur arkitektum og einum fulltrúa frá Þyrpingu. Fulltrúar Arkitektafélagsins í verkefnistjórn velja valnefnd, sem er skipuð þrem arkitektum. Hennar hlutverk er að velja tíu verk, sem hljóta þá viðurkenningu að vera sýnd á sýningu og í sýningarriti. Dómnefnd er skipuð með sama hætti. Í henni eru þrír arkitektar, þar af einn erlendir. Hún velur síðan eitt af þessum tíu verkum, sem hlýtur Íslensku byggingarlistarverðlaunin 2007. Þótt aðeins séu veitt ein verðlaun, er það markmið að gera öllum þessum verkefnum hátt undir höfði. Sem flest verk eru dregin fram í sviðsljósið til þess að skapa umræðu um byggingarlist í landinu.

Verðlaunin hafa gildi í umhverfi, sem þrátt fyrir auð og velsæld leggur meiri áherslu á sparssemi en gæði, glæsileik og nytsemi. Á sama tíma verða störf arkitekta sifellt flóknari, með vaxandi regluverki og kröfum. Í sívaxandi mæli spannar byggingarlistin allt svíðið frá list til verkfræði. Hún er gjarnan lokaniðurstaða úr flóknu ferli viðræðna, samninga og málamiðlana milli verktaka, verkkaupa, verkfræðinga, sveitarstjórnar, nágranna og arkitekta. Það fellur gjarnan í hlut arkitektsins að ná samkomulagi um niðurstöðu.

Þetta veglega sýningarárit sýnir hluta af því besta sem er að gerast í íslenskri byggingarlist nú um stundir. Það er merkileg heimild um samtímann og menn geta gert sér í hugarlund hvers virði það verður í framtíðinni að eiga slíkan annál, skráðan á tveggja ára fresti, um þróun byggingarlistar og mannlifs í landinu.

Arkitektafélag Íslands gerir sér vonir um að Íslensku byggingarlistarverðlaunin auki skilning þjóðarinnar á því, hvernig byggingarlistin getur skapað betra og fugurra umhverfi, þar sem fólk liður vel. Þá er það sameiginleg niðurstöða aðstandenda verðlaunanna að það sé þjóðarnauðsyn að bæta umgengni okkar um núverandi byggð og náttúru landsins.

Splendid achievements, whether material or intangible, are attained when an individual has the drive to work well and excel. Genius is good, but of limited value unless it is followed through with care and skill.

For many years the Association of Icelandic Architects has planned to launch a major Icelandic Architecture Award, in order to draw attention to good work in architecture and related fields, and to encourage high standards in architecture. Now the long-awaited moment has come.

þyrping, a development company in planning and construction, has decided to join forces with the Association of Icelandic Architects as sponsor of the Award. The Association deeply appreciates the foresight and aspiration thus shown by þyrping. The Icelandic Architecture Award will be presented in alternate years by the Association of Icelandic Architects and þyrping, in the certainty that it will serve to enrich still further the flourishing cultural life of the nation.


Structures and planning projects of all kinds are eligible for the Architecture Award: public buildings, detached homes, institutions, and any other structure. In addition, works closely related to architecture may be eligible, such as writings and installations. Anyone may submit a nomination for the Award. On this occasion about 50 nominations were received from many parties: local governments, public bodies, individuals and the architectural studios themselves.

The Icelandic Architecture Award is administered by a project board comprising two architects and one representative of þyrping. The Association of Icelandic Architects representatives on the project board appoint a selection committee of three architects, whose role is to select ten entries which are to be included in an exhibition and catalogue. A jury is appointed in the same manner, comprising three architects, of whom one is from abroad. The jury then chooses one of the ten works to receive the Icelandic Architecture Award 2007. Although a single award is presented, the aim is to give prominence to all the works; coverage is to be given to as many as possible of them, in order to stimulate debate on architecture in Iceland.

The Award has a contribution to make in an environment which, in spite of its prosperity, still places more value on economy than on quality, elegance and serviceability. At the same time the work of the architect grows constantly more complex, with increasing regulation and requirements. Architecture is coming to span the entire field from art to engineering. It is often the final outcome of a complicated process of negotiations, contracts and compromises between contractors, buyers, engineers, local government, neighbours and architects. It often falls to the architects to seek to achieve a final consensus.

This fine exhibition catalogue shows some of the best of Icelandic architecture at this time. It is an important document of its time, and one can only imagine how valuable it will be in the future to have such a record of the development of architecture and society, published every two years.

It is the hope of the Association of Icelandic Architects that the Icelandic Architecture Award will lead to greater understanding of how architecture can create a more pleasant and beautiful environment, in which people feel at ease. And it is the shared conviction of the bodies behind the Award that it is vital for the Icelandic nation to improve the way we treat our present built and natural environment.



ISSN 1670-7621



9 789979 983705